

**Mál nr. 12  
Breiðablik  
gegn  
HK**

**Kæra Breiðabliks  
Dómkröfur**

við hjá Breiðablik viljum kæra leikinn hjá B-liðum HK-Breiðablik sem fram fór í Fagralundi þann 28.apríl kl 19:00.

Við kærum á þeim forsendum að 3 leikmenn HK sem komu við sögu í leiknum voru í byrjunarliði leik A liðs HK-Keflavík þann 25.apríl.

Leikmennirnir 3 eru:

Birgitta Björt Garðarsdóttir

Ingibjörg Björnsdóttir

Alexandra Gunnarsdóttir

Meðfylgjandi eru leikskýrslur úr leikjum HK-Breiðabliks B-lið og HK-Keflavík A-lið.

Þjálfari Breiðablik gerði athugasemdir við dómara og þjálfara HK eftir leikinn um noktun á ólöglegum leikmönnum sem þá viðurkenndu að hafa notað leikmennina eins og leikskýrslur sýna.

kveðja

Knattspyrnudeild Breiðabliks.

**Úrskurður dómstóls KSÍ**

Ár 2006, miðvikudaginn 10. maí er dómþing í Knattspyrnudómstól KSÍ háð af Ásbirni Jónssyni, að Hafnargötu 51-55, Reykjanesbæ

Fyrir er tekið:

Mál nr. 12/2006

Knattspyrnudeild Breiðabliks kt. 041084-1389,

gegn

Handknattleiksfélagi Kópavogs – HK kt. 630981-0269

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

**Úrskurður**

**I.**

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 8. maí 2006. Kærandi er Knattspyrnudeild Breiðabliks.

**Dómskjöl eru**

1. Kæra Knattspyrnudeildar Breiðabliks ódagsett og óundirrituð ásamt fylgiskjöllum.

**Dómkröfur:**

Með kæru Knattspyrnudeildar Breiðabliks móttekin á skrifstofu KSÍ 8. maí s.l. kærir Knattspyrnudeild Breiðabliks, Handknattleiksfélag Kópavogs – HK fyrir að vera ólöglega skipað lið í leik liðanna í Faxaflóamóti 4. flokks kvenna B-lið sem fram fór á Fagralundi fimmtudaginn 27. maí 2006 kl. 19:00.

Dómkröfur kæranda eru að leikur liðanna verði dæmdur kæranda unninn 0-3.

Vísað er til reglna um að leikmaður í byrjunarliði í A-liði er ekki löglegur með B-liði leik á eftir.

**Álit dómsins:**

Skv. 1. tl. 5. gr. laga um dómstóla KSÍ er kærufrestur til dómstólsins 5 dagar frá því að leikurinn fór fram og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með.

Umræddur leikur liðanna fór fram þann 27. maí s.l. Kærufrestur til dómstólsins rann út á miðnætti 5. maí s.l. Óundirrituð og ódagsett kæra barst skrifstofu KSÍ 8. maí s.l. og er árituð móttekin þann dag. Kæran telst því skv. tilvitnuðu og fortakslausu ákvæði laganna of seint fram komin. Óformleg tilkynning um væntanlega kæru í netpósti til skrifstofu KSÍ þann 28. maí s.l. breytir hér engu um.

Með vísan til þessa er kæru Knattspyrnudeildar Breiðabliks á hendur Handknattleiksfélagi Kópavogs – HK vísað frá dómi ex officio.

Ásbjörn Jónsson, dómari í Knattspyrnudómstól KSÍ, kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð:**

Kæru Knattspyrnudeildar Breiðabliks ódagsettri á hendur Handknattleiksfélagi Kópavogs – HK vegna leiks liðanna í Faxaflóamóti 4. flokks kvenna B-liða sem fram fór 27. maí s.l. á Fagralundi, er vísað frá dómi ex officio.

Ásbjörn Jónsson

### **Mál nr. 13**

**KR**

**gegn**

**Selfoss**

#### **Kæra KR**

Knattspyrnudeild Knattspyrnufélags Reykjavíkur gerir kunnugt að kærður er

leikur félagsins í b-liði 3. flokks karla, KR2 gegn Selfossi sem fram fór

í B-riðli Íslandsmóts karla þann 4. september síðastliðinn.

#### **Dómkröfur**

Að leikur KR og Selfoss, sem fram fór þann 4. september sl. verði dæmdur Selfossi tapaður 3-0.

#### **Málavextir**

Selfoss hafði tvívegis afboðað komu sína í leik KR2 - Selfoss. Átti leikurinn upphaflega að fara fram þann 30. maí og síðar 26. ágúst. Mótanefnd KSÍ setti svo fyrrgreindan leik á þann 5. september. Selfyssingar mættu til þess leiks með ólöglegt lið og viðurkenndi þjálfari liðsins, Ingþór Jóhann Guðmundsson að nokkrir leikmenn liðsins væru úr A-liði félagsins. Samkvæmt leikskýrslum eru sex leikmenn sem byrjuðu síðasta A-liðs leik hjá Selfossi í byrjunarliði B-liðsins gegn KR2 þann 5. sept.

#### **Tilvísanir**

Vísað er til 5. tl. gr. 3.9.4.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnu

Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks B liða er ber nafnið 3. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki B hefur engin áhrif á 3. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.

Vísað er til 1. tl. gr. 4.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnu

Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

#### **Röksemdir**

Selfoss notaði 6 leikmenn sem skráðir voru í byrjunarlið A liðs þann 28. ágúst sem er síðasti A leikur flokksins fyrir B leik KR2 og Selfoss.

Eftirtaldir leikmenn léku í byrjunarliði í báðum leikjum

Aron V. Leifsson  
Stefán Hannesson  
Stefán R. Guðlaugss  
Trausti Eiríksson  
Tómas Kjartansson  
Hartmann Antonsson.

Hafa þeir með þessu brotið gegn ofangreindum 5. tl. gr. 3.9.4.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnu og samkvæmt 1. t. 4.3. gr. sömu reglugerðar telst liðið því ólöglega skipað og hafa tapað leiknum 0-3.

### **Gögn**

(gera þarf grein fyrir þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum):

Leikskýrsla 3.fl.ka B B riðill KR2 – Selfoss. 5.sept 2006.  
Leikskýrsla 3.fl.ka A C1 riðill Grótta – Selfoss. 28. ágúst 2006.

### **Vitni**

Guðmundur P. Óskarsson  
Úlfar Hinriksson

Virðingarfyllst  
f.h. KR  
Stefán Arnarsson

### **Greinargerð Selfoss**

Við munum ekki hreyfa við vörnum varðandi þetta. Má rekja þetta til misskilnings varðandi gjaldgengi leikmanna og vegna óreglulegrar uppröðunar sökum uppstokkunar á móti A-liða í vor.

F.h unglingsráðs Selfoss  
Guðjón Þorvarðarson  
Yfirþjálfari / framkvæmdastjóri

### **Úrskurður dómstóls KSÍ**

Ár 2006, miðvikudaginn 13. september er dómþing Dómstóli KSÍ háð af Ásbirni Jónssyni

Fyrir er tekið málið nr 13/2006  
Knattspyrnudeild KR  
gegn  
Knattspyrnudeild Selfoss

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

### **Dómur:**

Mál þetta er höfðað með kæru dagsettri 11. september 2006 sem barst skrifstofu KSÍ sama dag. Kærandi er Knattspyrnudeild KR kt. 700169-3919, en hið kærða félag er Knattspyrnudeild Selfoss kt. 690390-2569.

### **I.**

#### **Dómkröfur.**

Dómkröfur kæranda í kæru eru þær að úrslitum í leik KR og Selfosss sem fram fór mánudaginn 5. september s.l.í úrslitakeppni Íslandsmóts B liða 3. flokks karla verði breytt og leikurinn verði dæmdur tapður fyrir Selfoss 3-0.

### **Málsatvik, málsástæður og lagarök kæranda.**

Kærandi telur að Selfoss hafi teft fram sex leikmönnum sem byrjuðu inn á í síðasta leik með A liði Selfoss gegn Gróttu þann 28. ágúst s.l.. Hafi verið um að ræða leikmennina Aron V. Leifsson, kt. 030391-2689 Stefán Hannesson, kt. 030290-2919, Stefán R. Guðlaugsson, kt. 190391-2999, Trausta Eiríksson, kt. 130691-3589, Tómas Kjartansson kt. 230990-3799 og Hartmann Antonsson kt. 280490-3699. Samkvæmt reglugerð KSÍ nr. 3.9.4.1. kemur fram að allir leikmenn séu löglegir með B liði utan þeirra sem hófu leik með A liði í síðasta leik eða komu inn á í fyrri hálfleik. Telur kærandi að þessi regla hafi einnig gilt í tengslum við úrslitakeppni 3 flokks B.

### **II.**

Hið kærða félag hefur ekki skilað inn greinargerð né kröfum sínum en sent netpóst þar sem kærði mun ekki hreyfa við vörnum. Rekja þeir þessi mistök til misskilnings um gjaldgengi (hlutgengi) leikmanna og vegna óreglulegrar uppröðunar sökum uppstokkunar á mótí A-liða í vor.

### **III.**

#### **Málsmeðferð og ný gögn**

Við skoðun á kærugögnum og leikskýrslu framangreinds leiks hefur dómari komist að þeirri niðurstöðu að beita megi ákvæðum 8. greinar laga um dómstóla KSÍ varðandi flýtimeðferð. Var kærða gefinn kostur á að tjá sig um kæruefni sem hann gerði ekki eins og fram kemur hér að framan.

### **IV.**

#### **Niðurstaða.**

Samkvæmt 5. tl. reglu nr. 3.9.4.1. segir orðrétt: "Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins".

Upplýst er í málinu að framangreindir sex leikmenn Selfoss þeir Aron V. Leifsson, Stefán Hannesson, Stefán R. Guðlaugsson, Trausti Eiríksson, Tómas Kjartansson og Hartmann Antonsson voru í byrjunarliði A liðs Selfoss í næsta leik á undan. Af þeim sökum telst Selfoss, hið kærða félag hafa brotið gegn ákvæði þessu og dæmist framangreindur leikur KR og Selfoss sem fram fór í 3. flokki B þann 5. september s.l. því tapaður fyrir Selfoss með markatölunni 0-3.

#### **DÓMSORÐ:**

Úrslitum í leik KR og Selfoss í úrslitakeppni Íslandsmóts B liða í 3. flokki karla sem fram fór þann 5. september s.l. skal breytt þannig að leikurinn er dæmdur tapaður fyrir Selfoss með markatölunni 0-3. Upplesið í réttinum að málsaðilum fjarstöddum.

Þannig fram farið  
Reykjanesbæ 13. september 2006  
F.h. Dómstóls KSÍ  
Ásbjörn Jónsson